

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Þórshafnar 2003 – 2023.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest aðalskipulag Þórshafnar 2003-2023.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Þórshafnar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. júlí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, sem vísað er til í 56n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 39, dags. 31. júlí 2003 (bls. 19), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.